

frýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns í málinu við yfirdóminn, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Svo ber hinum ákærða, Birni Sigurðssyni, að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Jóns Jenssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögberting dóms þessa, og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1886

Vice-konsúll J. Havsteen

gegn

Eggert verzlunarstjóra Laxdal

D ó m u r :

Sumarið 1884 fórst hákarlaskipið »Úlfur«, er var fje­lagseign áfrýjandans, Vice-konsúls J. V. Havsteen, og þriggja annara manna. Skipið, sem var virt 11544 krónur, höfðu eigendur þess þá um vorið vátryggt hjá hinu eyfirzka ábyrgðarfjelagi fyrir  $\frac{3}{4}$  hlutum virðingar­verðs þess, eða fyrir 8658 krónum, samkvæmt 13. gr.

í lögum fjelagsins, sem út eru gefin á Akureyri árið 1871. Eigendur skipsins kröfðu nú stjórn fjelagsins um ábyrgðarupphæðina, en fengu að eins út borgaðar 8039 kr. 91 eyri, með því að fjelagsstjórnin áleit, að skips-eigendurnir sjálfir ættu að bera af skaðanum 618 kr. 9 aura. J. Havsteen höfðaði þá fyrir sína eigin hönd og vegna sameigenda sinna mál gegn Eggert Laxdal, sem formanni ábyrgðarfjelagsins, og krafðist þess, að hann yrði dæmdur fyrir hönd fjelagsins til þess að greiða áminnztar 618 kr. 9 aura, með 6% vöxtum frá sáttakærudegi, svo og allan málskostnað að skaðlausu eptir reikningi eða eptir mati rjettarins. En með dómi aukarjettar Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 6. apríl f. á., var Eggert Laxdal, er hafði gagnstefnt í málinu, dæmdur sýkn fyrir kröfum J. V. Havsteens, gagnsökinni var frávísað, málskostnaður látinn falla niður, nokkur ummæli gagnsækjanda um aðalsækjanda dæmd dauð og ómerk, og gagnsækjandi, Eggert Laxdal, sektaður fyrir þau með 10 krónum til landsjóðs. Þessum dómi hefur J. V. Havsteen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. maímán. f. á., og krafizt þess, að hinn stefndi, formaður hins eyfirzka ábyrgðarfjelags, Eggert Laxdal, verði fyrir hönd fjelagsins, dæmdur til að greiða áfrýjanda 618 kr. 9 aura með 6% rentu frá sáttakærudegi, þangað til borgun er að fullu greidd, og allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 200 krónum, eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinn stefndi hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknður fyrir kröfum áfrýjanda, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir mati dómsins, eða að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og

honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfir-dómi.

Hin fyrsta sýknaðstæða hins stefnda er, að hann sje órjettilega hafður fyrir sök í málinu, eins og það er höfðað, þar sem dóms er krafizt yfir honum sem formanni ábyrgðarfjelagsins til þess að greiða fje úr sjóði þess og fyrir þess hönd; eptir lögum fjelagsins hafi forseti fjelagsstjórnarinnar einn út af fyrir sig engin umráð yfir eignum fjelagsins, nje vald í fjármálum þess, enga heimild til þess að borga nokkuð út fyrir fjelagið nje til þess, að leggja nokkra greiðslu-skuldbinding á það; vald og heimild til þessa heyrir undir stjórn fjelagsins. Að þetta sje rjettur skilningur á fjelagslögnum, verður yfirdómurinn að álíta vafalaust. Eptir 4. gr. laganna kys aðalfundur 3 menn til að stjórna fjelaginu; þessir menn eru forseti, gjaldkeri og skrifari. Eptir 5., 6., 7. og 10. gr. laganna er það „stjórnin“, sem heldur reikninga fjelagsins, varðveitir sjóðinn, veitir lán úr honum, greiðir kostnað úr honum o. s. frv., en forseta er hvergi við getið, nema í 4. gr., eins og að ofan er tilgreint, og í þessari lagagrein er honum út af fyrir sig ekkert vald nje myndugleiki áskilinn í málefnum fjelagsins. Hafi forseti fjelagsstjórnarinnar eða fjelagsins, sem hann er venjulega kallaður í máli þessu, eigi umboð og heimild frá stjórninni til þess að taka á móti málssókn fyrir hennar hönd til greiðslu fjár úr sjóði fjelagsins, þá veita lög fjelagsins, sem í eðli sínu eru samningur fjelagsmanna sín á milli, enga heimild til þess, að fjárkröfunni sje haldið fram gegn honum, þannig að hann verði dæmdur til þess að greiða hina umkröfðu upphæð fyrir fjelagsins hönd og úr sjóði þess. Nú er það eigi sannað í þessu máli, að hinn rjetti sakaraðili, stjórn fjelags-

ins, hafi veitt hinum stefnda umboð til þess, að standa fyrir máli fjelagsins af hennar hálfu, og á hinn bóginn liggur það fyrir utan kröfur áfrýjanda, að hinn stefndi verði sjálfur persónulega dæmdur til þess að greiða hina unkröfðu upphæð, enda yrði þeim dómi eigi veitt fullnusta með fjárnámsgjörð í gózi fjelagsins.

Að vísu telur áfrýjandinn, að þessi sýknaðstæða komi of seint fram í málinu til þess, að henni verði gaumur gefinn, en það er hvorttveggja, að hinn stefndi þegar kom fram með hana á fyrsta stigi málsins fyrir undir-jetti, þótt hann eigi kæmi fram með beina rjettarkröfu í sambandi við hana, enda á rjetturinn að taka svo lag-að málsatvik til greina *ex officio*, þegar það verður aug-ljóst undir rekstri málsins, því að annarskostar gæti svo farið, að dómur yrði látinn ganga gegn óstefndum (hjer ábyrgðarfjelaginu). — Fyrir þessar sakir og án þess til-efni sje til að rannsaka hinar aðrar sýknað-stæður hins stefnda, ber að dæma hann sýknan fyrir kröfum áfrýj-andans í þessu máli. — Að því er snertir málskostnað í hjeraði, fellst yfirdómurinn á ákvæði hjeraðsdómsins. Eptir atvikum á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Eggert Laxdal, á að vera sýkn af kröfu áfrýjandans, J. V. Havsteens, í þessu máli. Að öðru leyti skal hjeraðsdómurinn, að því leyti honum hefur verið áfrýjað, vera óraskaður. Máls-kostnaður fyrir yfirdómi falli niður.